



FUNDARGERÐ

31. fundur Odda bs

haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 6. nóvember 2024
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Björk Grétarsdóttir, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri situr fundinn undir liðum 1-4.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2024 - 2402043

Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri kynnti yfirlit fyrir jan.-sept. 2024. Reksturinn er í ágætu samræmi við áætlun.

2. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2024. Viðaukar - 2408022

Viðauki 2 við fjárhagsáætlun Odda bs. 2024

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir tillögu að viðauka 2 fyrir Odda bs.

Lagður fram viðauki 2 við rekstraráætlun Odda bs 2024. Greinargerð fylgir viðaukanum. Viðaukinn gerir ráð fyrir auknum rekstarkostnaði að fjárhæð kr. 9.600.000.

Óskað er eftir að viðaukanum verði mætt með hækkun á framlagi frá Rangárþingi ytra að fjárhæð kr. 44.893.041 en lækkun framlaga frá Ásahreppi um kr.35.293.041.

Gert er ráð fyrir leiðréttingu framlaga sveitarfélaganna vegna uppfærslu á raunfjölda nemenda frá hvoru sveitarfélagi.

Stjórn Odda samþykkir viðaukann fyrir sitt leyti og vísar honum til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

3. Gjaldskrá Odda bs. 2025 - 2410071

Lögð fram og rædd tillaga að gjaldskrá fyrir Odda bs fyrir árið 2025. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á gjaldskrá leikskólana í kjölfar tillagna stýrihóps um þróun leikskólalastarfs. Markmiðið með breytingum á gjaldskrá er m.a. að reyna að koma til móts við ákvæði kjarasamninga um styttingu vinnutímans og bæta rekstrarumhverfi leikskólanna.

Þar er verið að taka upp stigskipta gjaldskrá eftir vistunartíma. Jafnframt er verið að gera tillögu um leikskólarnir loki kl. 14:00 á föstudögum en boðið verði upp á sérskráningar

glu @ 176

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "MHE" and "FJ".

eftir kl. 14:00 á föstudögum. Þá verði leikskólar lokaðir í jólafrí grunnskóla og dimilviku en í boði verði upp á sérskráningar í jólafrí og í dimbilviku en tekið sérstakt gjald fyrir.

Þá er lagt til að gjöld vegna fyrir hverjar 15 mín umfram 8 klst. vistun og gjald fyrir að sækja börn of seint í leikskóla hækki.

Gert er ráð fyrir að fæðisgjöld og gjöld vegna skóladagheimila hækki um 3,5% í samræmi við tilmæli kjarasamninga en gert er einnig ráð fyrir að skóladagheimli loki kl. 14:00 á föstudögum.

Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2025.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2025 - 2409017

Lögð er fram og rædd tillaga að fjárhagsáætlun 2025 fyrir Odda bs. Stjórnin hefur átt vinnufund m.a. með öllum skólastjórum byggðasamlagsins og farið yfir þeirra áherslur. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna Odda bs verði kr. 1.729.402.000 sem er 12% hækkun frá áætlun síðasta árs. Framlögin skiptast þannig að hlutur Rangárþings ytra verður kr. 1.531.924.469 og hlutur Ásahrepps kr. 197.477.531. Áætlunin miðar við fjölda grunn- og leikskólabarna þann 1. október 2024 sem er 270 grunnskólabörn og leikskólabörn sem telja 148,7 barngildi. Tillaga er um að samþykkja fjárhagsáætlun 2025 fyrir Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

5. Skólastjórar Odda bs. Stöðuyfirlit. - 2401049

Á fundinn mæta Kristín Sigfúsdóttir skólastjóri grunnskólans á Hellu og Jónas Bergmann Magnússon skólastjóri grunnskólans á Laugalandi og gera grein fyrir stöðu mála í sínum skólum.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

6. Þátttaka í farsímakostnaði - 2401010

Lögð fram beiðni frá skólastjórum grunnskóla Odda bs um að þátttaka í farsímakostnaði gildi einnig um aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra grunnskólana.

Lagt til að reglur Rangárþings ytra um þátttöku í farsímakostnaði gildi einnig um aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra í grunnskólum Odda bs. Kostnaður vegna þessa fellur undir fjárhagsáætlun skólanna.

Samþykkt samhljóða.

7. Námsleyfi starfsmanna leik- og grunnskóla - 2311065

Lögð fram drög að endurskoðuðum reglum um styrki til nema í leikskólafræðum á starfssvæði Odda bs. og drög að reglum um styrki til nema í grunnskólafræðum í grunnskólum á starfssvæði Odda bs.

Lagt til að vísa málinu til næsta fundar stjórnar í tengslum við umfjöllum um

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'JF', 'MH', and 'M']

starfsmannastefnu Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

8. Stytting vinnuviku 1. nóv. 2024 - 2409019

Lagt fram minnisblað vegna fundar með grunn- og leikskólastjórum um útfærslur á styttingu vinnutímans í kjölfar kjarasamninga.

Á fundinn mætir Saga Sigurðardóttir, launafulltrúi, og skólastjórar grunnskólana og gera grein fyrir stöðunni.

Lagt til að samþykkja þær útfærslur sem lagt er til í minnisblaðinu.

Samþykkt samhljóða.

9. Bara Tala - stafrænn íslenskukennari - 2410066

Lagðar fram upplýsingar um forritið Bara Tala sem er hugsað sem stafrænn íslenskukennari fyrir starfsfólk sem er með annað móðurmál en íslensku.

Á fundinn mætir Saga Sigurðardóttir, launafulltrúi, og gerir grein fyrir möguleikum forritsins og kostnað tengdum notkun þess.

Lagt til að taka upp forritið Bara Tala til að stuðla að íslenskunámi starfsfólks í skólum Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

10. Umsókn um greiðslur vegna aksturs til og frá vinnu - 2410075

Lagðar fram til upplýsingar greiðslufyrirkomulag skv. kjarasamningum til starfsmanna skóla Odda bs. í dreifbýli.

Á fundinn mætir Saga Sigurðardóttir, launafulltrúi, og gerir grein fyrir stöðu málsins.

Lagt til að fela framkvæmdastjóra að uppfæra reglurnar miðað við umræður á fundinum og kjarasamningum.


Samþykkt samhljóða.

11. Foreldrafélag Heklukots - 2410021

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar foreldrafélags Heklukots ásamt skýrslu stjórnar og lög félagsins.

12. Íslenska æskulýðsrannsóknin - 2410065

Lagt fram til kynningar upplýsingarpóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna íslensku æskulýðsrannsóknarinnar.


Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature on the left and several smaller ones on the right.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:10.


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson


Björk Grétarsdóttir


Ísleifur Jónasson



